

Vestið hans Húgós

Uppskriftin er talin út eftir flíkinni sem var prjónuð “af fingrum fram” og örlítið lagfærð, m.a. hækkuð upp að aftan við hálsinn svo hún fari betur. Það er mjög gott að máta flíkina á meðan hún er prjónuð til að finna út hvað hentar í lengd á hverju stykki. T.d. hvort kraginn mætti vera lengri eða styttri og hvort kviðstykkið mætti vera lengra fyrir tík. Húgó var allavega mjög sáttur við endurtekna máttun ☺

STÆRÐ

Vídd á bakstykki:

ein stærð

34 cm

Vídd á kviðstykki:

37 cm

EFNI

Álafosslopi - 100 gr dokkur

9978 - 2 dokkur

Hringprjónar nr 7, 40 og 60 cm

6 tölur

PRJÓNFESTA

10 cm = 12 ½ L mælt yfir slétt prjón á prjóna nr 7.



AÐFERÐ

Stroff í hálsmáli er prjónað í hring. Lykkjum er síðan skipt í bak- og kviðstykki. Bakstykki er prjónað með sléttu prjóni (slétt frá réttu, brugðið frá röngu) nema 3 fyrstu og 3 síðustu lykkjurnar sem eru alltaf prjónaðar sléttar (garðaprión). Kviðstykkið er prjónað á sama hátt og bakstykki niður undir kviðinn og síðan með garðaprióni. Prjónið á kviðstykkinu er viljandi haft svolítið laust svo hægt sé að hneppa í það hvar sem er.

Styttar umferðir (upphækkun): Prj þar til snúa á við, takið bandið fram fyrir, takið 1 L óprj, setjið bandið aftur fyrir og færið óprj L aftur yfir á vinstri prjón (nú er búið að vefja bandinu um eina óprj L svo ekki myndist gat þegar snúið er við). Snúið við og prj að næsta snúningi.

VESTI

Fitjið upp 56 L á prjóna nr 7. Tengið saman í hring og prj stroff *2 L sl, 2 L br*, alls 7 cm. *Næsta umf:* Aukið út um 1 L í sléttu lykkjurnar í stroffinu => 70 L. Prj áfram stroff *3 L sl, 2 L br* 3 cm.

Bakstykki:

Prj sl yfir fyrstu 38 L og setjið restina á aukaband. Snúið við og prj frá röngu: 3 L sl, prj br þar til 3 L eru eftir og prj þær sl.

Upphækkun: Prj sl þar til 5 L eru eftir á prj. Vefjið og snúið við (sjá útskýringu í **aðferð**) og prj til baka þar til 5 L eru eftir. Vefjið og snúið við og prj til baka þar til 10 L eru eftir. Vefjið og snúið við og prj til baka þar til 10 L eru eftir. Vefjið og snúið við og prj til baka þar til 15 L eru eftir og endurtakið þar til 15 L eru eftir.

Vefjið og snúið við og þrjú nú yfir allar L og ath að þegar þrjú er yfir vöfðu lykkjurnar í fyrri umf er bandið (vafningurinn) þrjú með lykkjunni. Þrjú áfram þar til mælast 10 cm frá stroffi. Aukið út um 1 L í hvorri hlið, innan við garðaprjónslykkjurnar. Endurtakið útaukningu eftir aðra 10 cm => 42 L. Þrjú áfram þar til mælast ca 45 cm frá stroffi.

Úrtaka (frá réttu): Þrjú 3 L sl, 2 L sl saman, þrjú þar til 5 L eru eftir, takið 1 L óþrjú, þrjú 1 L sl og steypið óþrjú L yfir, þrjú 3 L sl. Endurtakið úrtöku í 2. hvorri umf, alls 7 sinnum => 28 L. Þrjú 6 umf garðaprjón (3 garðar) yfir allar lykkjurnar og fellið af.

Kviðstykki:

Takið upp L af bandi og bætið við 3 L í byrjun og enda með því að þrjú í bakhluta garðaprjónslykkjanna af bakstykkinu => 38 L. Þrjú eins og á bakstykki, þ.e. slétt frá réttu, brugðið frá röngu nema 3 fyrstu og 3 síðustu L sem eru þrjú með garðaprjóni.

1. *umf:* Þrjú sl yfir sléttar L í stroffi og 2 sl saman yfir brugðnu L => 31 L.

2. *umf:* Þrjú til baka.

Úrtaka: Byrjið úrtöku í 3. umf og takið úr í hvorri hlið eins og á baki, í 2. hvorri umf alls 8 sinnum (mátið við hundinn hvort þurfi oftast þar sem Húgó er frekar breiður). => 15 L. Þrjú áfram 15 umf.

Útaukning (frá réttu): Þrjú 3 L sl, aukið út um 1 L, þrjú þar til 3 L eru eftir, aukið út um 1 L og þrjú 3 L sl. Aukið út á þennan hátt í 2. hvorri umf, alls 15 sinnum => 45 L. Þrjú nú garðaprjón yfir allar lykkjurnar, alls 28 garða (56 umf). Fellið af.



FRÁGANGUR

Gangið frá endum. Festið tölur innan á garðaprjónskantinn á bakstykkinu, 3 hvorum megin. Tölurnar þurfa að vera mátulega stórar/litlar til að hægt sé að hneppa þeim hvar sem er í garðaprjónið á kviðstykkinu.

Klæðið hundinn í vestið og hneppið fremstu tölunum rétt innan við brún á kviðstykkinu og aftari tölunum innar, allt eftir því hvað hundurinn er grannur um kviðinn.

Hönnun: Hulda Hákonardóttir



Í uppskriftinni er ég búin að hækka vestið aðeins upp að aftan (við hálsmálið).